# KÚFSKEL – *OCEAN QUAHOG*

## *Arctica islandica*

## RÁÐGJÖF – *ADVICE*

Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að afli fiskveiðiárið 2017/2018 verði ekki meiri en 100 tonn, nema að undangengnum rannsóknum á þéttleika skeljar á fyrirhuguðum veiðisvæðum.

*MFRI advises that when the precautionary approach is applied, catches in the fishing year 2017/2018 should not exceed 100 tonnes, unless research on ocean quahog density on the intended fishing grounds is carried out prior to harvesting.*

## VEIÐAR – *THE FISHERY*

Veiðar á kúfskel voru stundaðar með hléum 1988–1999 á svæðinu frá Breiðafirði að Skagatá. Landaður afli var á bilinu 1100–7700 tonn. Veiðar á svæðinu frá Skagatá austur um að Ingólfshöfða hófust 1996 og var afli til ársins 2005 á bilinu 700–14 400 tonn. Veiðar hafa verið óverulegar frá 2005 vegna markaðsaðstæðna. Árið 2009 lögðust allar veiðar með vatnsþrýstiplógi af, en í staðinn hefur verið notaður lítill tannplógur.

*Fishery for ocean quahog was conducted intermittently in NW Iceland in 1988–1999. Landings ranged from 1100–7700 tonnes annually. Fishery in the NE area started in 1996 and yielded 700–14 400 tonnes annually until 2005. Since 2005, only a minor fishery has been conducted due to difficult markets. In 2009, hydraulic dredge fishing ceased, being replaced by dry dredge.*







**Kúfskel.** Afli eftir svæðum og veiðisvæði árin 1998–2009.
***Ocean quahog.*** *Catches by area, and fishing grounds in 1998–2009.*

## AÐRAR UPPLÝSINGAR – *OTHER INFORMATION*

Kúfskel er mjög langlíf og hægvaxta tegund.

*Ocean quahog is a long-lived and slow-growing species.*